

Umhverfisteymi Víkurskóla

Lokaskýrsla fyrir skólaárið 2025-2026



Almennt um teymið: starfsemi og markmið okkar

Umhverfisteymið skipuðu sjö starfsmenn á þessu skólaári: Markús Karl Torfason, Ásthildur J.L. Kolbeins, Ragnar Norðfjörð, Anna Guðbjörg Guðjónsdóttir, Theodór Sveinjónsson og Veronica Piazza (teymisstjóri).

Teymið hefur haldið áfram sinni starfsemi út frá markmiðum umhverfisstefnunnar Grænu Skrefanna Reykjavíkurborgar. Markmið ársins voru að fylgja eftir verkefnum fyrra árs, ljúka fjórða áfanga í Grænum skrefum og efla umhverfisvitund nemenda með beinni þátttöku og fræðslu (sjá umfjöllun að neðan).

Umhverfisteymið hefur fundað sjö sinnum yfir tímabilið október til maí og hefur haldið tvær kynningar (26. nóvember og 13. maí) á kennara- og starfsmannafundum. Fastir fundartímar voru á fimmtudögum kl. 8:00–8:30.

Fundað var einnig með Hildi Sif Hreinsdóttur við afhendingu síðustu viðurkenningar.



Aðalverkefnin á skólaárinu

Á fyrsta fundinum var staðan tekin með því að fara yfir greiningarspjöldin og fundartími ákveðinn sem hentaði flestum. Ákvörðun var einnig tekin varðandi áherslur ársins, en þær voru: þróun átaks um matarsóun, uppsetning græna bókhaldsins fyrir viðurkenningu á Skrefi #4 og viðburðir í kringum umhverfisdaginn/dag náttúru.

(i) Matarsóun

Verkefnið um matarsóun var umfangsmesta verkefni teymisins á árinu. Því var skipt upp í rannsóknarvinnu, mælingar í matsal og nemendafræðslu á milli árganga.

Verkefnið var unnið hjá 10. bekk í samstarfi við stærðfræðiteymið. Upphaflega stóð til að hafa árgangakeppni en ákveðið var að fresta henni til að tryggja betri undirbúning og festa frekar í sessi vinnubrögð við mælingar.

Ákveðið var að halda áfram með þrjár mælingaumferðir yfir skólaárið (nóvember, febrúar og mars) með jafningjafræðslu til starfsfólks og 8./9. bekkja eftir umferð #2. Við notuðum sama matseðilinn frá því í fyrra yfir allar mælingaumferðir til að einfalda samanburð milli umferða og jafnvel milli ára.

Tengslin við hæfniviðið í náttúrufræði og stærðfræði voru endurbætt í ljósi nýrrar aðalnámskrár og árangursviðmiðin gerð nákvæmari. Áminningar voru sendar með miklum fyrirvara á Mentor, Classroom og í tölvupósti til starfsfólks og útprentanir héngu allt skólaárið í náttúrufræðistofunni. Íhuga að senda tölvupósta heim til áminningar.

Skipulagning jafningjafræðslu var orðin stífari til að halda sem best utan um nemendur sem vildu taka þátt. Það reyndist betra miðað við á fyrri árum. Samt voru tilvik um: 1) nemendur sem hættu að taka þátt og létu ekki vita, sem olli óþægindum fyrir námsfélagana, og 2) nemendur sem vildu skrá sig eftir skráningarfrestinn.

Eingöngu bestu hóparnir voru valdir: fyrsti hópurinn kynnti fyrir 8. bekk þann 4. mars en Hildur Sif Hreinsdóttir mætti á staðinn til að hlusta og veita svo viðurkenningu (sjá neðar).

Myndir og glærur voru sendar til Reykjavíkurborgar til birtingar á fréttasíðum þeirra, en ekki var látið vita meira um það frá Reykjavíkurborg.

Kynnt var fyrir 9. bekk þann 6. mars, fyrir starfsfólk 11. mars og í lokin kynnt var fyrir 10. bekk þann 12. mars.

Í lokin var skýrsla unnin í náttúrufræði. Meiri áhersla var lögð á tengsl milli kolefnisspors og sjálfbærni matvæla svo sem túlkun myndrita.

Tillögur að úrbótum

Við úrvinnslu gagna komu upp nokkur atriði sem teymið þarf að laga fyrir næsta ár:

- **Gæði gagna:** Í ljós kom að niðurstöður í útreikningum nemenda voru ekki alltaf í samræmi við raunveruleg gögn. Margir nemendur skrifuðu skýrsluna sína án þess að hafa gögnin til hliðsjónar eða völdu vitlausar mælingar til að túlka.
- **Kolefnisstuðlar:** Ákveðið var að nota þyrfti stöðluð gildi fyrir kolefnisstuðla matvæla í stað frjálsra áætlana nemenda til að tryggja að útreikningar á umhverfissporinu séu vísindalega réttir. Eins og er gat verið mikill munur milli niðurstaðna í nemendaverkefnum.
- **Bekkjarkeppni:** Mæla sounina fyrir hvern bekk/árgang til að hvetja áhuga og þátttöku. Fulltrúar úr hverjum árgangi væru valdir eða hvattir til að skrá sig; þeir myndu sjá um að flokka rétt í ruslatunnur og telja fjölda nemenda úr hverjum árgangi sem mæta í mat.
- Bæta upplýsingar um **kolefnisspor** réttanna í matsal.

(ii) Umhverfisspassinn

Allir nemendur hafa tekið þátt í þessu verkefni. Hver árgangur hefur tekið að sér að fara út tvisvar yfir skólaárið og hreinsa nærumhverfið með sínum umsjónar-/uglukennurum. Haldið var sama fyrirkomulagi frá því í fyrra, s.s. 10. bekkur fékk passann fyrst, svo 9. bekkur og 8. bekkur síðast.

Tillögur að úrbótum

Bæta skýrleikann með því að hafa alla teymismeðlimi eða a.m.k. teymisstjórnann í CC þegar verið er að senda út passann. Það myndi tryggja að allir hafi á hreinu hvenær hann er sendur út og hvaða árgangur á að hreinsa lóðina á tilteknu tímabili.

(iii) Grænt Bókhald

Grænt bókhald snýst um skráningu upplýsinga og kostnað, þ.e. innkaup, flokkun, kolefnisspor ferðalaga (innan- og utanlands), hlutfall samgöngusamninga og almenna soun. Þetta er verkefnið sem hefur þróast hægst síðan starfsemi umhverfisteymisins byrjaði.

Fulltrúi Grænu Skrefanna Reykjavíkurborgar Hildur Sif Hreinsdóttir, og Sigríður María Hreiðarsdóttir frá SFS upplýstu okkur um að:

i) Til að geta notað forritið Klappir þarf skólinn Premium aðgang. Búið er að bjóða okkur sem tilraunaskóla í notkun þess. Verkefnisstjóri Grænu Skrefa mun svo gera öllum skólum kleift að bæta upplýsingum inn. Það er í vinnslu.

ii) Staðfest var að Græna Skrefið #5 á okkar starfsemi ekki við, enda er það eingöngu fyrir ríkisstofnanir.

iii) Nýtt Excel skjal var gefið út sem átti að fylla út til að geta sótt um viðurkenningu.

Staðfesting var gefin á því að ekki væri krafa um að byrja á græna bókhaldinu til að vinna í skjalinu. Skjalið var fyllt út í janúar og samþykkt í febrúar. Skólinn hlaut viðurkenningu fyrir

fjórða skrefið þann 4. mars 2026, þegar Hildur Sif Hreinsdóttir mætti til að hlusta á kynningar frá 10. bekk um matarsóun.

Fundur var haldinn með teymisstjóranum varðandi nýju Grænu Skrefin sem eru í vinnslu hjá Reykjavíkurborg. Úrvinnsla nýju Grænu Skrefanna mun verða gagnvirkari og sýnilegri með opinberar niðurstöður. Ekki er enn vitað hvenær nýju Grænu Skrefin munu taka gildi. Þar af leiðandi er úrvinnsla græna bókhaldsins í biðstöðu þangað til leiðbeiningar berast frá Reykjavíkurborg.

(iv) Annað

-Rætt um hvernig mætti bæta **umgengi** í skólanum, ekki heldur bara á lóðinni. Margir nemendur virðast ekki flokka réttilega eða henda rusli/tyggjói á gólfíð.

-Áminningarmiðar hafa verið settir í prentaraherbergi til að hvetja starfsfólk til að prenta minna og nýta ónotuðu blöðin betur (t.d. klippa í minnismiða). Það hefur virst skila litlum árangri. Rætt um að bæta mælingar á **pappírssóun** á næsta ári.

-Ekki hefur tekist að fylgja tillögunni eftir frá seinasta skólaári varðandi reglulegar **áminningar** og aukna virkni í gegnum samfélagsmiðla skólans.

-Ekki hefur tekist að setja upp **umhverfisvegg** á neðri hæð með t.d. greiningarspjöldum og niðurstöðum úr matarsóunarverkefni.

-**Umhverfisdagurinn**: teymið sá um skipulagningu viðburðarins í fyrsta skipti. Áhersla var lögð á umhverfisvitund í gegnum áhorf heimildapátta eftir Sir David Attenborough, umhverfisbingó og plokk í hverfinu. Góður árangur náðist á þessum degi.